

Föstudaginn 1. maí 1925.

Nr. 7/1925

Valdstjórnin (Lárus Jóhannesson)
gegn

**Páli Stefánssyni, Jóni Guðmunds-
syni** (Sveinn Björnsson), **Sigurjóni Jóns-
syni, Ingimundi Ögmundssyni og
Ingjaldi Jónssyni** (Pjetur Magnússon).

Brot á aðflutningsbannlögum.

Dómur lögreglurjettar Reykjavíkur 31. desbr. 1924: Kærður Páll Stefánsson greiði 1000 króna sekt til ríkissjóðs og sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 40 daga.

Kærður Jón Guðmundsson greiði 1000 króna sekt í ríkissjóð og sæti samskonar fangelsi í 20 daga.

Kærðir Sigurjón Jónsson, Ingimundur Ögmundsson og Ingjaldur Jónsson sæti sektum, hinn fyrstnefndi 1000 króna en hvor hinna 600 króna, til ríkissjóðs.

Hið ólöglega innflutta áfengi skal upptækt og eign ríkissjóðs.

Allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað greiði kærðir einn fyrir alla og allir fyrir einn.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Samkvæmt ástæðum þeim, er greindar eru í hinum áfrýjaða lögreglurjettardómi ber að staðfesta hann, þó þannig að fangelsisrefsing kærða Jóns Guðmundssonar ákveðst 40 dagar, sekt kærða Sigurjóns Jónssonar ákveðst 800 kr. og sekt hinna kærðu Ingimundar Ögmundssonar og Ingjalds Jónssonar 400 kr.

Hinir kærðu Páll Stefánsson og Jón Guðmundsson greiði hvor um sig kostnað við varðhaldsvist sína; svo greiði þeir in solidum málflytningskaup verjanda síns í hæstarjetti, er ákveðst 150 kr. Hinir kærðu Sigurjón Jónsson, Ingimundur Ögmundsson og Ingjaldur Jónsson, greiði einnig in solidum málflytn-

ingskaup verjanda síns í hæstarjetti 150 kr. Að öðru leyti greiði allir hinir kærðu in solidum allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talið málflutningskaup sækjanda í hæstarjetti 250 kr.

Því dæmist rjett vera:

Kærði Páll Stefánsson greiði 1000 kr. sekt til ríkissjóðs og sæti fangelsi við venjulegt fanga-
viðurværi í 40 daga.

Kærði Jón Guðmundsson greiði einnig 1000 kr. sekt til ríkissjóðs og sæti 40 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

Kærðu Sigurjón Jónsson, Ingimundur Ögmundsson og Ingjaldur Jónsson sæti sektum, hinn fyrstnefndi 800 kr. og hvor hinna 400 kr. til ríkissjóðs.

Ákvæði lögreglurjettardómsins um uppteikt hins innflutta áfengis staðfestist.

Hinir kærðu Páll Stefánsson og Jón Guðmundsson greiði hvor um sig kostnað við varðhaldsvist sína; svo greiði þeir in solidum málflutningskaup verjanda síns í hæstarjetti, hæstarjettarmálaflutningsmanns Sveins Björnssonar, 150 kr. Kærðu Sigurjón Jónsson, Ingimundur Ögmundsson og Ingjaldur Jónsson greiði sömu-
leiðis in solidum málflutningskaup verjanda síns í hæstarjetti, hæstarjettarmálaflutningsmanns Pjeturs Magnússonar, 150 kr. Allan annan kostnað málsins, bæði í hjeraði og í hæstarjetti, greiði

allir hinir kærðu in solidum, þar með talið málflutningskaup sækjanda i hæstarjetti, hæstarjettarmálaflutningsmanns Lárusar Jóhannessonar, 250 krónur.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af valdstjórnarinnar hálfu gegn þeim Páli Stefánssyni, kaupmanni, til heimilis í Vestmannaeyjum, Jóni Guðmundssyni, framkvæmdarstjóra h/fj. „Jón Guðmundsson & Co.“, Bakkastíg nr. 5, Sigurjóni Jónssyni, skipstjóra, til heimilis í Hafnarfirði, Ingimundi Ögmundssyni, útgerðarmanni, Bergstaðastræti 38, og Ingjaldi Jónssyni, útgerðarmanni, Baldursgötu 24, fyrir brot gegn ákvæðum laga nr. 91 frá 14. nóvember 1917 um aðflutningsbann á áfengi.

Málavextir eru þeir, er nú skal greina:

Síðari hluta októbermánaðar síðastliðinn voru þeir staddir í Kaupmannahöfn kærðir, Páll Stefánsson og Jón Guðmundsson. Kom Páli þá til hugar að bæta fjárbag sinn, er hann kveður mjög bágborinn, með því að útvega sjer spiritus í Þýskalandi og selja með stórbagnaði hjer heima. Komst hann í kynni við Þjóðverja Hoffmann að nafni, er lofaði að vera honum hjálplegur til þess að útvega honum 5000 lítra af spiritus ef hann gæti borgað 1000 krónur við móttökuna. Sneri Páll sjer þá til Jóns Guðmundssonar um hjálp og hjálpaði hann Páli til þess í þessu skyni með því að skrifa á vixil fyrir hann, er Páll gat selt íslenskum kaupmanni í Kaupmannhöfn, er þekti þá báða, Pál og Jón. Um þetta leyti lá m/sk. „Veidibjallan“, eign h/fj. „Jón Guðmundsson & Co.“ í Kaupmannahöfn og átti að taka farm þar og í Álaborg til Eyrarbakka og hingað. Lofaði Jón Guðmundsson Páli að hann skyldi láta það skip flytja spiritusinn hingað gegn 5—6000 króna farmgjaldi og skyldi Páll fara með skipinu en Jón fór heim með öðru skipi.

„Veidibjallan“ fór 2. nóvember frá Kaupmannahöfn til Álaborgar og hafði kærður Jón Guðmundsson sagt skipstjóranum kærðum Sigurjóni Jónssyni, bæði að Páll ætlaði að fara með skip-

inu og eins hitt, að hann hafði lofað að flytja vörur á þilfari fyrir Pál, ef hann þyrfti þess með og skipstjóri álitni skipið geta tekið þær.

Meðan skipið lá í Álaborg fjekk skipstjóriinn símskeyti um það frá kaupmanni þeim í Kaupmannahöfn er Páll hafði fengið peningana hjá, að það skyldi halda til Kielarborgar og taka þar farm á þilfarið. Skipið kom til Kielar 7. f. m. og hitti Páll þar Hoffmann þann, sem áður er nefndur. Samdist svo um milli þeirra, að Hoffmann útvegaði Páli 850 tíulítra brúsa af spiritus gegn því að Páll borgaði 1000 danskar krónur við móttökuna og lofaði að senda fisk og peninga hjeðan að heiman. Kveðst Páll hafa talið brúsana í vörugæymsluhúsi í Kiel, en þá var eftir að láta þá í kassa. Átti að láta 4 brúsa í hvern kassa, en þegar tilkom kveður Páll ekki hafa verið nógu marga kassa til af þeirri stærð, svo eitthvað af brúsunum — hve margir veit hann ekki, en giskar á að þeir muni hafa verið 50—60 — voru látnir einn og einn í kassa. Kassarnir voru settir út í skipið sunnudaginn 9. nóvember og komið fyrir í fiskikössum skipsins uppi á þilfarinu, en ekki voru þeir taldir, því skipstjóriinn bjóst við að eigandi kassanna myndi sjá um að alt kæmist út í skipið, er fara ætti með því, en Páll taldi aldrei eða ljet telja kassana.

Skipið brepti vond veður á leiðinni hingað upp og lá fyrir stormi 1½ sólarhring undir Vestmannaeyjum, og sem næst tvo sólarhringa í Faxaflóa til að vita hvort það kæmist ekki inn á Eyrarbakka, án þess þó að hafa samband við land eða báta úr landi eftir því sem þeir halda fram, er á skipinu voru. Aðfaranótt föstudagsins 21. f. m. fór „Veidibjallan“ inn á Hafnarfjörð og eftir samkomulagi milli Páls Stefánssonar og skipstjóra var áfengið sett í vjelarbátinn „Wivid“, sem lá þar mannlauð í vetrarlægi á firðinum og voru kassarnir, sem komið var fyrir í lest skipsins, þá heldur eigi taldir. Skipstjóri gjörði Jóni Guðmunds-syni aðvart um komu skipsins og kom hann til Hafnarfjarðar á föstudaginn og skipaði svo fyrir, að skipið skyldi fara hingað, án þess að gjöra frekari tilraunir til þess að komast inn á Eyrarbakka og fór það hingað um kvöldið. Páll Stefánsson bað Jón Guðmundsson að útvega geymslustað fyrir áfengið hjer og annast um flatning á því hingað. Fjekk Jón geymslustað fyrir það í barkskipinu „Fjord“, sem liggur mannlauð hjer á höfninni, en eigi gaf að flytja það hingað sjóveg eins og tilætlunin var, þar til Jón Guðmundsson samdi svo um við kærðan Ingimund Ög-

mundsson 27. f. m. að hann skyldi flytja áfengið fyrir Pál úr Hafnarfirði í barkinn á m/b. „Höskuldur“, sem Ingimundur á í fjelagi við kærðan Ingjald Jónsson, sem er formaður á bátnum, og sagði Ingimundur Ingjaldi frá því samdægurs. Áfengið fluttu þeir svo aðfaranætur föstudagsins 28. og sunnudagsins 30. f. m. og ljettu upp í barkinn en kærðir Páll og Jón voru þar fyrir fyrri nóttina og komu áfenginu fyrir í káetu barksins, er Jón hafði fengið lykil að. Ekki voru kassarnir heldur taldir við þennan flutning.

Löglegla Reykjavíkur fjekk grun um, að geymt væri áfengi í barkinum, fór út í hann og fann áfengið. Hefir hún tekið það í sínar vörslur og reyndist það að vera 159 kassar með 4 tíulítra brúsum í hverjum kassa og þar að auki einn samskonar kassi tómur. Var þá hafin rannsókn í málinu og hafa kærðir skýrt svo frá og kannast við að eiga hlutdeild í því, að áfengið var í barkinum, sem að framangreininir. Er því haldið fram af kærðum, að meira áfengi hafi verið látið í m/b. „Wivid“, en fanst í barkinum en hinsvegar haldið fram af kærðum Ingimundi og Ingjaldi að þeir hafi tekið alt það áfengi, er þeir fundu í „Wivid“ og skil að því í barkinn, að undanskildum tveimur fjögrabrúsa kössum, er hafi brotnað og því verið hent í sjóinn með innihaldi. Verður það rannsakað í Hafnarfirði hvort aðrir en kærðir Ingimundur og Ingjaldur hafi tekið áfengi úr „Wivid“.

Brot kærðs Páls Stefánssonar, sem sat í gæsluvarðhaldi frá 5.—12. þ. m., heyrir að áliti rjettarins undir 1. gr. áðurnefndra laga og þykir refsing sú, er hann hefir tilunnið fyrir það eftir 14. gr. þeirra, hæfilega ákveðin 1000 kr. sekt til ríkissjóðs og 40 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

Kærður Jón Guðmundsson, sem sat í gæsluvarðhaldi frá 3.—8. þ. m. var í ráðum með og hjálpaði kærðum Páli með öflun áfengisins og allan flutning á því og áskildi sjer, eða fjelagi því, sem hann er framkvæmdarstjóri fyrir, óhæfilega hátt farmgjald fyrir flutning þess hingað til landsins. Þykir hann því einnig hafa gjörst brotlegur gegn sömu lagagrein og refsing hans hæfilega ákveðin 100 króna sekt til ríkissjóðs og fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 20 daga.

Brot kærðs Sigurjóns Jónssonar heyrir undir 5. gr. sömu laga og þykir refsing hans eftir 16. gr. þeirra hæfilega ákveðin 1000 króna sekt til ríkissjóðs.

Brot kærðra Ingimundar Ögmundssonar og Ingjalds Jóns-

sonar hvors um sig heyrir undir 8. gr. laganna og þykir refsing þeirra eftir 17. gr. hæfilega ákveðin 600 kr. sekt til ríkissjóðs.

Hið ólöglega innflutta áfengi, sem er í vörslum lögreglunnar, sje upptækt og eign ríkissjóðs.

Allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað greiði allir kærðir in solidum.

Á rekstri málsins hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Miðvikudaginn 6. maí 1925.

Nr. 34/1924. **Vátryggingarfélagið Trekroner**

(B. P. Kalman)

gegn

lögreglustjóra Reykjavíkur f. h. ríkissjóðs (Jón Ásbjörnsson).

Útaf tekju- og eignarskatti.

Úrskurður fógetarjettar Reykjavíkur 17. desbr. 1923: Hin umbeðna gjörð á fram að fara.

Dómur hæstarjettar.

Máli þessu er skotið til hæstarjettar samkvæmt áfrýjunarleyfi dags. 16. júní f. á. með stefnu útgefni 12. júlí s. á.

Við ákvörðun tekju- og eignarskatts í Reykjavík árið 1922 var tekjuskattur áfrýjanda ákvarðaður 3760 krónur. Hafði áfrýjandi rekið vátryggingarstarfsemi í Reykjavík árið 1921, en eigi talið fram tekjur sínar og skattstjóri því áætlað þær. Hinn 15. júní 1922, áður en kærufrestur var liðinn, ritaði umboðsmaður áfrýjanda skattstjóranum brjef. Kvaðst umboðsmaðurinn þar telja það álitamál hvort fjelagið væri skattskýlt og skatturinn ákveðinn af handa-